



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2014.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um slysatryggingar almennatryggingar, 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 578. - 402. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er einkum stefnt að því að einfalda löggjöf um almennatryggingakerfið hér á landi. Með því að skilja ákvæði um slysatryggingar frá og setja þau í sérlæg er komið til móts við meginregluna um skýrleika laga og aðgengi almennings að upplýsingum um réttindi og skyldur.

MRSÍ hefur ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið en vill hvetja stjórnvöld til að hraða heildarendurskoðun almennatryggingalaga svo hægt verði að gera þær grundvallarbreytingar á löggjöfinni sem nauðsynlegar eru svo hún samræmist m.a. alþjóðasamningi um réttindi fatlaðs fólks. Í frumvarpinu er kveðið á um endurskoðun laganna innan tveggja ára og er það vel en vinnan við endurskoðun almennatryggingalaga hefur nú þegar tekið mörg ár og því mikilvægt að þeirri vinnu sé hraðað.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur